


## Ánægja með störf ráðherra

Könnuð var ánægja með störf ráðherra og niðurstöðurnar bornar saman við mælingu sem var gerð á svipuðum tíma í fyrra. Sem fyrr er **Katrín Jakobsdóttir** forsætisráðherra vinsælasti ráðherra ríkisstjórnarinnar og hefur nokkuð forskot á aðra ráðherra. Mesta breytingin frá síðustu könnun mælist hjá **Ásmundi Daða Einarssyni** en þeim sem eru ánægðir með störf hans fjölga um 24 prósentustig. Þeim sem eru ánægðir með störf **Lilju Daggar Alfreðsdóttur** fækkar hins vegar um 12 prósentustig og þeim sem eru ánægðir með störf **Pórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur** fækkar um 11 prósentustig.

### Ánægja



Af ráðherrum ríkisstjórnarinnar eru eins og áður segir flestir ánægðir með störf **Katrínar Jakobsdóttur** forsætisráðherra, en rúmlega 67% landsmanna eru ánægð með störf hennar. Það ríkti einnig mest ánægja með störf Katrínar í fyrra, en þeim sem eru ánægðir með störf hennar hefur þó fjölgað um átta prósentustig síðan þá.

Fast á hæla Katrínar kemur **Ásmundur Einar Daðason**, félags- og barnamálaráðherra, en rúmlega 59% eru ánægð með störf hans. Eins og áður segir er þetta mikil breyting frá síðustu mælingu þegar tæplega 35% voru ánægð með störf hans. Næstflestir eru ánægðir með störf hans nú, en í fyrra var hann í níunda sæti þegar kom að ánægju með störf ráðherra.

Nær 53% eru ánægð með störf **Svandísar Svavarsdóttur** heilbrigðisráðherra og hátt í 46% með störf **Sigurðar Inga Jóhannssonar**, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, og hefur þeim fjölgað um sjö prósentustig sem eru ánægð með störf þeirra.

Tæplega 42% eru ánægð með störf **Lilju Daggar Alfreðsdóttur**, mennta- og menningarmálaráðherra, en í fyrra voru 54% ánægð með störf hennar. Nær 41% eru ánægð með störf **Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur** dómsmálaráðherra, hátt í fjórir af hverjum tíu eru ánægðir með störf **Guðlaugs Þórs Þórðarsonar**, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, og naumlega 39% eru ánægð með störf **Bjarna Benediktssonar**, fjármála- og efnahagsráðherra.

Ríflega 35% eru ánægð með störf **Pórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur** en í fyrra voru um 46% ánægð með störf hennar. Hún er nú í níunda sæti þegar kemur að ánægju með störf ráðherra en var í þriðja sæti í fyrra. Hátt í 32% eru ánægð með störf **Guðmundar Inga Guðbrandssonar** umhverfis- og auðlindaráðherra en aðeins ríflega 11% eru ánægð með störf **Kristjáns Þórs Júlíussonar**, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Apríl 2021


## Óánægja

Að sama skapi eru langflestir óánægðir með störf **Kristjáns Þórs**, eða nær 61%. Næstflestir eru óánægðir með störf **Bjarna**, eða rúmlega 37%.


Rösklega 35% eru óánægð með störf **Áslaugar Örnú**, hátt í 34% með störf **Guðmundar Inga** og nær þrír af hverjum tíu eru óánægðir með störf **Lilju Daggar**.

Um 27% eru óánægð með störf **Svandísar** og **Þórdísar Kolbrúnar**, nær 21% með störf **Guðlaugs Þórs** og 19% eru óánægð með störf **Sigurðar Inga**.

Þau tvö sem flestir eru ánægðir með eru einnig fæstir óánægðir með. Rúmlega 16% eru óánægð með störf **Katrínar** og hátt í 13% með störf **Ásmundar Daða**.



## Meðaltal



Þegar meðaltalseinkunn er reiknuð á kvarðanum 1-7 út frá hlutfalli ánægðra og óánægðra er **Katrín** með hæstu einkunnina eins og í fyrra, eða 4,9. **Ásmundur Daði** er næsthæstur með einkunnina 4,7 en hann var í sjöunda sæti í fyrra. **Sigurður Ingi** og **Svandís** eru með einkunnina 4,3 og **Guðlaugur Þór** með einkunnina 4,2. **Lilja Dögg** er með einkunnina 4,1 og fer úr öðru í sjötta sæti, og **Þórdís Kolbrún** með 4,0 og fer úr þriðja í sjöunda sæti. **Áslaug Arna** er einnig með einkunnina 4,0, **Bjarni** er með einkunnina 3,9 og **Guðmundur Ingi** með einkunnina 3,8. **Kristján Þór** rekur lestina með einkunnina 2,8.

## Spurt var:

Spurt var á eftirfarandi hátt um alla ráðherra í ríkisstjórninni og misjafnt var í hvaða röð nöfn þeirra birtust svarendum: „Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með störf [nafn ráðherra], [ráðherratilil]?“ Dæmi: „Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með störf Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra?“

\* Meðaltal er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Meðalánægja með ráðherra reiknast skv. eftirfarandi formúlu:  $[Fullkomlega\ ánægð(ur)\ (fj.\ x\ 7) + mjög\ ánægð(ur)\ (fj.\ x\ 6) + frekar\ ánægð(ur)\ (fj.\ x\ 5) + hvorki\ né\ (fj.\ x\ 4) + frekar\ óánægð(ur)\ (fj.\ x\ 3) + mjög\ óánægð(ur)\ (fj.\ x\ 2) + fullkomlega\ óánægð(ur)\ (fj.\ x\ 1)] / \text{Heildarfjöldi svara}$ . Meðaltalið tekur gildi á kvarðanum 1 til 7.

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem gerð var dagana 25. mars—19. apríl 2021. Þátttökuhlutfall var 50,3%, úrtaksstærð 3.186 einstaklingar 18 ára eða eldri af öllu landinu valdir af handahófi úr Viðhorfhópi Gallup. Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið. Útgefið af: Gallup Lynghálsi 4, 110 Reykjavík Sími: 540 1200 Netfang: sigrun.drifa@gallup.is

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir

Ábyrgðarmaður: Ólafur Elinarson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.